

Skrifstofa menningarmála.

Á skrifstofu menningarmála er fjallað um menningarmál sem heyra undir ráðuneytið svo sem málefni lista og menningararfs, útvarps- og sjónvarpsmál og mál er varða íþróttta- og æskulýðsstarfsemi. Á verksviði skrifstofunnar eru m.a. opinber söfn, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íþróttanefnd og Æskulýðsráð ríkisins.

Önnur atriði.

Ráðuneytið er ein heild. Skrifstofur og stoðsvið hafa forræði á sínum málaflokkum eftir því sem efni standa til, en ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofanna og hefur yfirumsjón með þeim. Skrifstofustjórar sjá um að vinnsla og undirbúningur verkefna og forvinna fyrir ákvarðanir sé fullnægjandi. Þeir sjá um miðlun upplýsinga til ráðherra og ráðuneytisstjóra.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 536/1995 um skipulag menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytinu, 27. september 2000.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um skipulag í Hrunamannahreppi.

1. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 23. ágúst 2000 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hlíðar, Hrunamannahreppi.

Breytingin á deiliskipulaginu hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

2. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 23. ágúst 2000 deiliskipulag íbúðabyggðar á Bakkatúni, Hrunamannahreppi.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulögin öðlast þegar gildi.

Flúðum, 6. október 2000.

Loftur Þorsteinsson oddviti.